

## Samantekt á reglum um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla hjá Íslandsbanka

Besta framkvæmd felur í sér að bankinn skuli hverju sinni leita allra leiða við framkvæmd viðskiptafyrirmæla til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavinum sína með tilliti til viðskiptafyrirmæla annarra viðskiptavina, viðskiptahagsmuna bankans og þeirra þátta sem skipta máli, sbr. 1. mgr. 48. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

### *Þættir og viðmið varðandi framkvæmd viðskiptafyrirmæla*

Þeir þættir sem skipta máli þegar bankinn leitar allra leiða til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavinum sína við framkvæmd viðskiptafyrirmæla með fjármálagerninga eru m.a.¹:

- Verð
- Kostnaður
- Hraði
- Líkur á því að viðskiptin nái fram að ganga
- Uppgjör
- Umfang
- Eðli

Þegar verið er að ákveða hvar á að framkvæma viðskipti þá mun heildarmat á ofangreindum þáttum ráða för. Verð og kostnaður eru að öllu jöfnu mikilvægustu þættirnir sem litið er til í einstökum viðskiptum.

Jafnframt er metið hlutfallslegt mikilvægi ofangreindra þátta út frá eftirfarandi viðmiðum:

- Einkenna viðskiptavinar, þ.m.t. hvort hann sé flokkaður sem almennur fjárfestir eða fagfjárfestir.
- Hvers eðlis fyrirmæli viðskiptavinar eru, þ.m.t. hvort gefin eru skilyrt fyrirmæli.
- Einkenna fjármálagerninga sem fyrirmæli varða.
- Einkenna þeirra viðskiptastaða sem Íslandsbanki getur beint fyrirmælum til.

Ef ákvörðun er tekin um að framkvæma viðskipti utan viðskiptavettvangs skal kanna, þegar hægt er, sanngirni verðsins sem lagt er til við viðskiptavinum með því að afla markaðsgagna sem notuð eru til að meta verð sambærilegra gerninga.

Íslandsbanki hefur heimild til þess að neita að framkvæma viðskiptafyrirmæli sé grunur um markaðssvik.

Viðskiptavinur getur óskað eftir því að Íslandsbanki sýni fram á að fyrirmæli hans hafi verið framkvæmd í samræmi við [reglur Íslandsbanka um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla](#).

### *Skilyrt fyrirmæli*

Mæli viðskiptavinur fyrir um sérstaka framkvæmd viðskipta (limit order) skal fylgja fyrirmælum hans að svo miklu leyti sem hægt er. Slík skilyrt fyrirmæli frá viðskiptavinum geta komið í veg fyrir að Íslandsbanki nái fram bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla.

### *Viðskiptastaðir*

Íslandsbanki getur notað eftirtaldar tegundir viðskiptastaða við framkvæmd viðskiptafyrirmæla:

- skipulega markaði,
- markaðstorg fjármálagerninga (MTF),
- skipulega viðskiptavettvanga (OTF),
- innmiðlara,
- miðlara,
- eigin reikning Íslandsbanka,

---

¹ Sbr. 16. tl. 1. mgr. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga

- aðra aðila sem leiða saman kaupendur og seljendur fjármálagerninga og
- aðila utan Evrópska efnahagsvæðisins sem gegna sambærilegu hlutverki og einhver hinna framangreindu gegnir.

Bankanum er óheimilt að taka við endurgjaldi, afslættieða ófjárhagslegum ávinningi fyrir að beina fyrir mælum viðskiptavinar til tiltekins viðskiptastaðar og er það andstætt **reglum bankans um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum**.

Íslandsbanka er skylt að afla samþykkis viðskiptavina fyrirfram ef viðskiptafyrirmæli eru framkvæmd utan viðskiptavettvangs og með því að samþykkja **reglur bankans um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla** staðfestir viðskiptavinur að hann hafi verið upplýstur um framangreint.

Íslandsbanki mun reglulega meta hvort veruleg breyting hafi orðið hjá þeim viðskiptastöðum sem notaðir eru til að framkvæma fyrir mæli, og hvort sú breyting leiði til hagstæðustu niðurstöðu fyrir viðskiptavini. Íslandsbanki endurmetur jafnframt reglulega val sitt á þeim þriðju aðilum sem notaðir eru við framkvæmd eða miðlun viðskiptafyrirmæla.

#### *Skrá yfir viðskiptaði og þriðju aðila*

Yfirlit yfir þá viðskiptastaði og þriðju aðila sem Íslandsbanki reiðir sig einkum á við framkvæmd viðskiptafyrirmæla:

Viðskiptastaður	Tegund	Hlutabréf	Skuldabréf/víxlar
Nasdaq Iceland	SVM	x	x
Nasdaq Stockholm	SVM	x	
Nasdaq Copenhagen	SVM	x	
First North Iceland	MTF	x	
Linear Investments Limited, London	M	x	
Deutsche Bank, London	MTF		x
UBS, London	MTF		x
Commerzbank, London	MTF		x
Goldman Sachs	MTF		x
BAML	MTF		x
Danske Bank, Kaupmannahöfn	M/MTF	x (M)	x (MTF)
Jyske Bank	M	x	

SVM = Skipulegur verðbréfamarkaður

MTF = Markaðstorg fjármálagerninga

M = Miðlari/miðlun

A = Aðrir aðilar sem leiða saman kaupendur og seljendur fjármálagerninga

Íslandsbanka er heimilt í undantekningartilfellum, sé það viðskiptavininum til hagsbóta og leiði til bestu mögulegu niðurstöðu, að notast við annan viðskiptastað en tilgreindur er á listanum.

#### *Reglur um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla*

Á vefslóðinni [www.islandsbanki.is/fjarfestavernd](http://www.islandsbanki.is/fjarfestavernd), er að finna reglur Íslandsbanka um bestu framkvæmd í heild sinni. Ef reglunum er breytt þá er uppfærð útgáfa birt á framangreindri vefslóð.